

Málsmeðferð deiliskipulags.

Skipulags- og byggingarlög, lög um umhverfismat áætlana.

Sveitarfélag (framkvæmdaraðili) ákveður að gera tillögu að nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi deiliskipulagi

Felur deiliskipulagstillagan í sér framkvæmd sem tilgreind er í 1. eða 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum?

NEI

JÁ

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi. Tillagan er auglýst og lögð fram til kynningar í 6 vikur.

Deiliskipulagstillagan fellur jafnframt undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsfulltrúi /skipulagsráðgjafi hefur samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í matinu.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu. Gögnin eru auglýst og lögð fram til kynningar, einnig á netinu, í 6 vikur. Samtímis eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum eftir atvikum, send tillagan og umhverfisskýrsla hennar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við umhverfismat tillögunnar.

Ef athugasemdir eru gerðar við deiliskipulags-tillöguna þarf að bregðast við framkomnum athugasemdum og taka deiliskipulagið til annarrar umræðu í sveitarstjórn. Hafi athugasemdir borist við tillöguna skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfismati skal tekin til endanlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt skipulagsgögn skulu samanstanda af endanlegu deiliskipulagi ásamt greinargerð um hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og innkomnum athugasemdum auk vöktunaráætlunar. Hafi athugasemdir borist við tillöguna skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Skipulagsstofnun birtir deiliskipulag sem öðlast hefur gildi á heimasíðu stofnunarinnar.

Samþykkt skipulagsgögn skulu send Skipulagsstofnun til athugunar. Telji Skipulagsstofnun form- eða efnisgalla á deiliskipulaginu kemur hún athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal senda samþykkt skipulagsgögn til Umhverfisstofnunar og annarra aðila sem fengu tillöguna og umhverfisskýrslu hennar til umsagnar.

Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda

Málsmeðferð deiliskipulags.

Skipulags- og byggingarlög, lög um umhverfismat áætlana.